

Fundargerð stjórnarfundar 9. ágúst 2016 kl 10.30, haldinn á skrifstofu FV á Ísafirði og í fjarfundi við Hólmavík.

Mætt voru Pétur G. Markan, formaður, Ása Dóra Finnbogadóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Aðalsteinn Óskarsson, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn með vísan til boðaðar dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar FV 14. júlí 2016
2. Skipulag starfsemi FV.
 - a. Framtíðarsýn
 - b. Starf menningarfulltrúa
3. Haustþing FV
4. Starf Vestfjarðanefndar
5. Önnur mál

1. Fundargerð stjórnar FV 14. júlí 2016

Fundargerð stjórnarfundar 14. júlí lögð fram til staðfestingar. Fundargerð hafði áður verið staðfest í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Skipulag starfsemi FV.

- a. Framtíðarsýn

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Framkvæmdastjóri fór yfir umræðu frá stjórnarfundi 14. júlí s.l. um skipulag starfsemi FV. Verkefni er snúa að stjórnarsýslu / verkefnaumsjón hafa aukist og fyrirséð að þau munu aukast á komandi misserum. Samhliða væri viðvarandi þörf fyrir vinnu að hagsmunamálum sveitarfélaga auk samræmingu á stefnu og samvinnu þeirra. Taldi hann nauðsyn á að ráða til starfa skrifstofustjóra sem tæki við verkefnum sviði stjórnarsýslu FV, verkefni sem væru á sviði framkvæmdastjóra og menningarfulltrúa í dag. Framkvæmdastjóri óskaði því eftir heimild til að setja í fjárhagsáætlun 2017 um að auka við starf skrifstofustjóra og leggja það fyrir haustþing FV.

Rætt um tillögu framkvæmdastjóra og hún samþykkt í lok umræðu.

- b. Störf til umsóknar

Með vísan til uppsagnar Jón Jónssonar, menningarfulltrúa sem kynnt var á fundi 14. júlí er framkvæmdastjóra falið að auglýsa starf menningarfulltrúa með staðsetningu á Hólmavík. Veitt er heimild til að leita aðstoðar ráðningarstofu um framkvæmd málsins.

- c. Skipan í ráðgjafaráð Markaðsstofu

Lögð fram tilkynning frá Jóni Páli Hreinssyni, nýjum bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar þar sem hann segir sig úr ráðgjafaráði Markaðsstofu. Jón Páll hefur verið fulltrúi FV í ráðgjafaráði ásamt Sigríði Kristjánsdóttur, verkefnastjóra hjá Nýsköpunarmiðstöð, Ísafirði, sem jafnframt er formaður ráðsins. Auk þeirra sitja þrjú fulltrúar sem skipaðir eru að hálfu Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Samþykkt að bíða með skipan FV í sæti Jóns Páls, þar til aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða verði boðaður, en fyrir liggur að nýir fulltrúar verði skipaðir að hálfu samtakanna.

3. Haustþing FV

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning haustþings FV, sem haldið verður þann 1. og 2. september n.k., að Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði. Góð skráning er á þingið að hálfu sveitarfélaga og gesta þingsins en boðað var til þingsins með tölvupósti þann 14. júní s.l..

Dagskrá þingsins og annað efni því tengt skal send út eigi síðar en 10 dögum fyrir þingið. Framkvæmdastjóri gerði að tillögu að boðað yrði til símafundar stjórnar þegar gögn þingsins liggja fyrir. Það er, endanleg dagskrá, tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, endurskoðuð stefna FV, tillaga að svæðisáætlun sveitarfélaga á Vestfjörðum og tillaga að endurskoðuðum þingsköpum þingsins.

4. Starf Vestfjarðanefndar

Formaður kynnti stöðu vinnu í Vestfjarðanefnd. FV hefur tvo fulltrúa sem áheyrnaraðila í nefndinni. Nefndin hefur fundað fimm sinnum og stefnt er á að ljúka vinnu fyrir lok ágúst.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóra falið að setja fram dagsetningar funda stjórnar fram að næsta Fjórðungsþingi í maí 2017 og fundi með samráðsvettvangi sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.00

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri